



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á 150 ára afmælis**  
**Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri**  
**25. október 2002**

Biskup Íslands  
Menntamálaráðherra  
Kennarar, nemendur og  
aðrir heimamenn

Þegar Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri var settur í fyrsta sinn fyrir 150 árum var Ísland fátækasta land í Evrópu, Kaupmannahöfn hin eiginlega höfuðborg og kóngurinn með allt vald í hendi sinni; Jón Sigurðsson hafði fyrir fáeinum misserum hvatt Þjóðfundarfulltrúa til að mótmæla allir og Ný félagsrit báru landsmönnum andblæ nýrra tíma; sjálfstæðisviljinn var að vakna í brjóstum fólksins.

Hún er löng leiðin frá fábrotnu samfélagi þessa tíma, frá einangrun og erfiði, striti bænda og sjómanna fyrir daglegu brauði og til þeirrar hagsældar sem við nú njótum.

Við stöndum í mikilli þakkarskuld við konur og karla sem helguðu ævistarfið þeirri hugsjón að árangur næðist, dreymdi um blómlega byggð og færðu æskunni menntun og þroska, kynslóð eftir kynslóð, í heila öld og hálfu að auki.

Skólinn var merkisberi samfélagsins, tákn um vilja til að sækja fram, staðfesting þess að í menntuninni fann fólkið lykilinn að árangri Íslendinga, árangri í baráttunni við erlent vald, í glímunni við ógnaröflin í náttúrunni, í leitinni að betri tímum fyrir heimabyggð og landið allt.

Skólinn var í rauninni ræktunarstöð sem þroskaði vitund og vilja nemendanna, kenndi þeim að virða íslenska tungu, sögu og menningu þjóðarinnar, þjálfaði hæfnina til að hugsa sjálfstætt og skóp þannig í senn ættjarðarást og lýðræðisþroska.

Við sem alist höfum upp í fámennum sjávarbyggðum vitum af eigin reynslu að skólinn var og er í reynd hjartað í samfélaginu, aflið sem gefur byggðinni sinn eigin svip og skapar æskunni rætur sem aldrei slitna.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur einmitt haft slíkan sess og það er vitnisburður um atorku og einbeitni heimamanna, fórnfýsi og hollustu skólastjórnenda og kennaraliðs að í eina og hálfu öld skuli skólinn hafa starfað þótt ærið oft hafi verið á brattann að sækja, tekjurnar rýrar og kreppa og harðræði dregið mjög úr getu fólksins. En skólinn hélt velli og færði æskunni jafnan menntun og þroska og því eru það þúsundir sem á þessum degi hugsa til ykkar með þökk og gleði.

Menntunarsaga Íslendinga hefur á vissan hátt verið aldarspegill og svipmót hvers tíma hefur sett mark sitt á skólastefnu. Nú hefur um nokkra hrið verið í tísku að tala máli hagræðingar og telja að með samruna og sameiningu verði dagsverkið betra. Í þeirri umræðu hefur stundum gleymst að í svigrúmi hins smáa fæðast oft nýjungarnar sem aðrir gera svo að sínum, að fjölbreytni er fyrirheit um að hugur okkar verði áfram opinn.

Það er því rétt að áréttu það á þessum hátíðardegi að starfið sem unnið er í hinum smærri skólum hefur löngum verið frjór vettvangur nýsköpunar, framlag sem jafnan hefur endurnýjað og endurbætt kennsluhætti og skólastarf í hinum stærri byggðum.

Í þeirri vegferð sem okkar bíður á nýrri öld er áriðandi að slíkir skólar fái áfram að njóta krafta sinna og hin merka saga skólastarfs á Eyrarbakka og Stokkseyri er vitnisburður um að árangurinn mun ekki láta á sér standa.

Ég færi ykkur heillaóskir og einlægar þakkir, þakkir fyrir framlag skólans til þjóðarheilla og einnig þakkir fyrir hinn ríka þátt hans í byggðasögu Sunnlendinga.

Fáar stofnanir í landi okkar geta fagnað svo háum aldri. Alþingi og kirkjan eru elst og svo duga fáeinar stikur til að telja hina, en í þeirri virðulegu og virtu sveit skipar Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri sæmdarsess og svo mun áfram verða um alla framtíð.

Nemendur, kennarar, stjórnendur og allir heimamenn geta því svo sannarlega verið stolt og glöð á þessum degi.